

Kópavogsbær
Digranesgötu 1
200 Kópavogur

Ármann Kr. Ólafsson,
bæjarstjóri

18. mars 2021

Dalvegur 1 – Nýr áningastaður í Kópavogsdal

Í framhaldi af kynningarfundum 10. mars sl. lýsa undirritaðir aðilar hér með yfir áhuga og vilja til samstarfs við Kópavogsbæ um breytt skipulag og uppbyggingu á um 500 m² veitinga- og kaffihúsi á lóð nr. 1 við Dalveg þegar starfsemi Sorpu verður færð eða eftir atvikum aflögð.

Unnar hafa verið frumtillögur að veitingahúsi á lóðinni í samstarfi við Alark arkitekta (sjá myndir á næstu síðu). Tillagan gengur út á að skapa einstakan áningastað í dalnum, með því að flétta saman byggingu við náttúru dalsins og aðlaga hana vandlega að staðháttum. Staðurinn yrði bræðingur af kaffihúsi og veitingastað með möguleika á veislusal/veislupjónustu/félagsrými í meginsal eða garðskála á þaki byggingar. Gert er ráð fyrir að byggingin verði úr timbureiningum og hugað verði að vistvænni hönnun með áherslu á sjálfbærni og náttúru. Þá er gert ráð fyrir skjólgóðri verönd og leiksvæði í skjóli frá umferðarnið Dalvegjar ásamt góðum tengingum við göngustígakerfi dalsins.

Að baki verkefninu standa aðilar með áralanga reynslu af fasteignaþróun, byggingaframkvæmdum og rekstri, þ.e. Friðjón Sigurðarson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Reita fasteignafélags hf., eigendur Vistbyggðar ehf., Karl Sigfússon, Benedikt Ingi Tómasson og Norvik hf. ásamt Reyni bakara ehf. sem er í eigu Henry Pórs Reynissonar.

Farið er þess á leit að ofangreind áform verði kynnt fyrir bæjaryfirvöldum með það fyrir augum að lóðinni yrði úthlutað eða seld til Vistbyggðar ehf. þegar ljóst verður um afdrif Sorpu á lóðinni. Jafnframt er vonast til að ofangreind hugmynd og áhugi megi verða til þess að flýta fyrir ákvörðun um brotthvarf Sorpu úr Kópavogsdalnum og að starfseminni verði fundin ný staðsetning enda flestum ljóst að umfang starfseminnar er fyrir löngu búin að sprengja utan af sér núverandi aðstöðu og er til ama fyrir íbúa í næsta nágrenni.

Að mati aðstandenda verkefnisins er hér um að ræða einstækt tækifæri til að breyta núverandi starfsemi á lóðinni, með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum, í eftirsóknarverðan áningarstað sem nýtist bæði íbúum og gestum Kópavogsdalsins sem nýtur síaukinna vinsælda sem afþreyingar og útivistarsvæði.

Með von um jákvæð viðbrögð og viðtökur.

Friðjón Sigurðarson
Karl Sigfússon f.h. Vistbyggðar ehf.
Henry Pór Reynisson f.h. Reynis bakara ehf.



Skjólseilt og sólríkt útsvæði til suðvesturs, sterk tengsl á milli inni og útsvæðis

